



MÓTTÖKUPAKKI FYRIR STJÓRNIR

NÝTT STJÓRNARFÓLK

Þegar stjórn tekur til starfa eftir aðalfund er oft nýtt fólk að koma inn og stíga sín fyrstu skref í stjórn. Því er mikilvægt að þau fái grunn fræðslu um hvað það þýðir að sitja í stjórn og hver helstu hlutverk þeirra eru. Hér er talið upp það sem gott er að hafa í móttökupakka sem nýju stjórnarfólki er afhent á sínum fyrsta stjórnarfund. Hægt er að taka þetta saman í plastmöppu og afhenta á fundi.

- Hlutverk og skyldur íþróttahéraða/íþróttafélaga.
- Verklýsing stjórnar.
- Lög íþróttahéraðs/íþróttafélags.
- Skipurit yfir íþróttafélagið.
- Handbók félagsins (þarf ekki að prenta ef það er stórt rit en mögulega hægt að senda slóð í tölvupósti ef hún er aðgengileg á netinu).
- Skinfaxi (UMFÍ), tímarit frá félaginu eða annað skemmtilegt rit um íþróttahreyfinguna.
- Merki íþróttafélagsins/íþróttahéraðs (næla) sem fólk getur notað þegar komið er fram fyrir hönd stjórnar.
- Annað sem félagið telur mikilvægar/gagnlegar upplýsingar.

*Ath að þessi listi er ekki tæmandi.